

Alþingi
Erindi nr. P 128/669
komudagur 18.11.2002



Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Hr. Vilhjálmur Egilsson formaður
101 Reykjavík

Húsavík 15. nóvember 2002

Á stjórnarfundum í Verkalýðsfélaga Húsavíkur fimmtudaginn 14. nóvember var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða.


Ályktun

Verkalýðsfélag Húsavíkur tekur heilshugar undir frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignaskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum sem þingmennirnir Össur Skarphéðinsson, Margrét Frímannsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir og Sigríður Jóhannesdóttir hafa lagt fram á Alþingi. Félagið hvetur þingmenn og samtök launafólks til að fylgja málinu eftir og vinna að framgangi þess á Alþingi.

Greinagerð:

Í frumvarpinu er lagt til að félagsgjöld sem launþegar greiða til stéttarfélaga verði frádráttarbær frá skatti. Yfirséttanefnd hefur markað þá stefnu að félagsgjöld sem fyrirtæki greiða til samtaka atvinnurekenda megi draga frá tekjustofni. Félagsgjöld sem launþegar greiða til stéttarfélaga hafa hins vegar ekki verið frádráttarbær frá skatti fram að þessu. Flutningsmenn telja engin rök fyrir þessu misræmi þar sem það feli í sér ranglæti, jafnt gegn launamönnum sem verkalýðshreyfingunni, og standist vart jafnræðisreglu. Í frumvarpinu er lagt til að mismunun sem þessi verði afnumin.

Virðingarfyllst!


Verkalýðsfélag Húsavíkur
Aðalsteinn A. Baldursson